

NOTKUN DOPPLERTÆKJA Á MEÐGÖNGU

Tæki til að hlusta á fósturhjartslátt er þekkt undir nafninu dopplertæki eða doptón og gefur það frá sér svokallaðar doppler bylgjur. Doppler bylgjur geta leitt til skaða á vefjum, sérstaklega augn- og beinvefjum.

Notkun dopplertækja ber að varast á viðkvæmu mótunarskeiði fósturs og ætti því að forðast á fyrsta þriðjungi meðgöngu. Ef hlustað er oft og lengi getur það aukið líkurnar á mögulegum skaða á fóstri. Þess vegna er ráðlagt að einungis heilbrigðisstarfsfólk noti dopplertæki til að hlusta fósturhjartslátt og þá einungis eftir fyrsta þriðjung meðgöngunnar.